

Félagsfundur

Uppsagnir og skipulagsbreytingar

hjá Reykjavíkurborg

28. ágúst 2026



Kjara- og þjónustusvið

- Sameyki er með 9 starfsmenn í kjaramálum og 7 starfsmenn sem sinna afgreiðslu úr sjóðum, þ.e. starfsmenntasjóðum, sjúkrasjóði og orlofssjóði.
- Í kjaramálum stöndum við vörð um kjarasamningsbundin og lögbundin réttindi félagsfólks.

Varðandi uppsagnir hjá Reykjavíkurborg

- Kári formaður hefur tekið slaginn út á við og við fulltrúa Reykjavíkurborgar.
- Starfsfólk kjara- og þjónustusviðs tekur á móti félagsfólki vegna réttindamála þeirra.
 - Mismunandi staða hjá hverjum og einum sem þarf að skoða.

Um uppsagnarákvæði

- Uppsögn þarf að teljast málefnanleg
- Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir
Starfsfólk með 10 ára samfelldt starf og er orðið:
 - 55 ára er með 4 mánuði í uppsagnarfrest
 - 60 ára er með 5 mánuði í uppsagnarfrest
 - 63 ára er með 6 mánuði í uppsagnarfrest
- Starfsfólk á rétt á rökstuðningi

Um rökstuðning

- Markmið Sameykis er að fá fullnægjandi rökstuðning fyrir hönd þess félagsfólks sem óskar eftir því.
- Án rökstuðnings er ekki hægt að leggja mat á hvort uppsagnir hafi verið:
 - nægilega vel undirbúnar,
 - hvort málefnaleg sjónarmið hafi ráðið för
 - hvort rétt hafi verið staðið að valinu.

Kjarni málsins: Við viljum geta metið hvort starfið hafi raunverulega verið lagt niður, hvort valið hafi verið málefnalegt og hvort uppsögn hafi verið nauðsynleg.

Ósk um rökstuðning

Hvaða upplýsingum erum við að leitast eftir?

- Var starf viðkomandi raunverulega lagt niður eða voru verkefnin flutt annað?
- Hvaða verkefni féllu niður og hver sinnir þeim verkefnum sem halda áfram?
- Hvaða viðmið voru notuð við val milli starfa og starfsmanna?
- Var gerður raunverulegur samanburður á hæfni þeirra sem fengu uppsögn og þeirra sem héldu áfram?
- Voru önnur úrræði skoðuð, svo sem tilfærsla, breytt starf eða laust starf?

Um réttindi á uppsagnarfresti

- Allar greiðslur og ávinnsla réttinda er til staðar út uppsagnarfrestinn:
 - Greiðsla fastra launa
 - Desemberuppbót
 - Orlofsuppbót
 - Orlofsávinnsla
 - Lífeyrissjóðsgreiðslur
- Öll réttindi í sjóðum Sameykis eins og áður:
Starfsmenntunarsjóðir, sjúkrasjóður og orlofssjóður.

Fræðslustyrkir til einstaklinga

Þegar launagreiðandi hefur greitt í sjóðinn í 6 mánuði af síðustu 12 myndast réttur félagsfólks.

- Starfsmenntastyrkir að hámarki 140.000 kr. á 24 mán. tímabili.
[sjá úthlutunarreglur](#) - [English](#) - [Polski](#)
- Starfsþróunarstyrkir að hámarki 370.000 kr. á 24 mán. tímabili
[sjá úthlutunarreglur](#) - [English](#) - [Polski](#)
- Vísindaverkefnastyrkir fyrir afmarkaðan hóp félagsfólks sem eru í störfum sem krefjast háskólamenntunar að hámarki 600.000 kr. á 24 mán. tímabili



Mínar síður er lykillinn, þar birtist þinn réttur - minar.sameyki.is !

Styrkir veittir hjá styrktarsjóði:

- Heyrnatæki
- Tæknifrjóvgun
- Ferðastyrkur
- Sjúkrabjálfun
- Krabbameinsleit, framhaldsrannsókn skimun vegna leghálskrabbameins, blöðruháls- og ristilskrabbameins.
- Hjartavernd – áhættumat
- Sálfræði-, félags-, fjölskylduráðgjöf
- Dvöl á heilsustofnun-/meðferðarstofnun
- Líkamsrækt
- Augnaðgerð
- Gleraugna/augnlinsustyrkur
- Tannviðgerðir
- Fæðingarstyrkur
- Dánarbætur
- Sérstakar aðstæður
- Sjúkradagpeningar

Kannaðu þinn rétt á minar.sameyki.is!

Orlofskostir

10 Norðurland

7 íbúðir/hús á Akureyri
+ 1 heilsárs í Húsavík
+ 2 sumarkostir

3 Vestfirðir

1 heilsárs
+ 2 sumarkostir

28 Vesturland

Munaðarnes - 23 hús
+ 1 heilsárs á Arnarstapa
+ 2 heilsárs í Húsafelli
+ 1 heilsárs í Svínadal
+ 1 sumarkostur

5 Reykjavík

5 íbúðir
Aðeins í boði fyrir félaga búsetta
utan höfuðborgarsvæðis.

22 Suðurland


12 hús í byggingu við Úlfjótavatn
8 hús í Vaðnesi
+ 2 í Biskupstungum

7 Austurland

6 hús á Eiðum (ekki heilsárs)
+ 1 heilsárs á Egilsstöðum

3 Spánn

2 íbúðir á Alicante
Raðhús á Tenerife



77 í eigu Sameykis
90 með leiguhúsum

Gefðu þér tíma

Eðlilegt að upplifa óvissu og margar tilfinningar á þessum umrótartímum. Líkja má svona stórum breytingum við að standa á vegamótum og vita ekki hvaða leið á að velja.

- Hlúðu að þér; líkamlega, félagslega og andlega.
- Þegar þú ert tilbúin/n/ð er gott að skoða tækifæri sem standa til boða:
 - Námskeið hjá Starfsmennt - smennt.is/einstaklingsthjonausta/namskeid-og-fraedsla/
 - Bóka samtál með náms- og starfsráðgjafa - smennt.is/einstaklingsthjonausta/radgjof/
 - Fræðslustyrkir - sameyki.is/styrkir-og-sjodir/
 - Dvöl í orlofshúsi - athuga lausa daga - orlof.is/sameyki/
- Atvinnuleitendur - Vinnumálstofnun - haka við Sameyki



SAMEYKI

STÉTTARFÉLAG